

## Óformleg meðferð kvartana um einelti, áreitni og ofbeldi hjá Kópavogsbæ.

**Óformleg meðferð máls** er ekki hluti af reglugerð nr. 1009/2015 en rétt er að kanna mál óformlega áður en farið er í formlegan feril. Í þessu fylgiskjali er kveðið á um meðhöndlun kvartana á óformlegan máta þ.e. áður en til þess gæti komið að kvörtun sé sett í formlegt ferli.

Það er ákvörðun starfsmanns hvað hann vill gera við mál sitt. Hann getur tekið ákvörðun um að bíða og sjá hvernig mál þróast. Hann getur sjálfur rætt milliliðalaust við meintan geranda, rætt við hann með aðstoð þriðja aðila, eða tekið ákvörðun um að fara í formlegt ferli.

Ef starfsmaður óskar ekki eftir því að mál fari í formlegan feril þá eru eftirfarandi valkostir um málsmeðferð:

Í milliliðalausum samskiptum milli aðila eða með aðstoð þriðja aðila:

- Ef starfsmaður upplifir að framkoma einhvers gagnvart sér fari yfir almenn samskiptamörk eða geti talist einelti eða áreitni velja sumir að ræða sjálfir málið við meintan geranda. Í sumum tilfellum áttar meintur gerandi sig ekki á því að hegðun hans fari yfir mörk eða hafi neikvæð áhrif á samstarfsfólk.
- Starfsmaður getur leitað ráða eða upplýsinga hjá yfirmanni, trúnaðarmanni, mannauðsstjóra, mannauðsráðgjöfum eða fulltrúa eineltisteymis. Í þeim tilfellum þarf viðkomandi ekki að nafngreina meintan geranda og trúnaðar er gætt í hvívetna.
- Hlutverk þess sem leitað er aðstoðar hjá er að kynna sér sjónarmið aðila og athuga hvort hægt sé að miðla málum í þeim tilvikum sem það á við. Sá sem hefur málið til meðferðar hugar að líðan þolanda og meints geranda og býður þeim samtöl hjá fulltrúum eineltisteymis, mannauðsráðgjöfum, trúnaðarmanni eða fagaðila s.s. sálfræðingi þar sem slíkt á við.
- Metið þarft hvort hefja eigi frumkvæðisathugun eða félagslegt áhættumat á vinnuumhverfi viðkomandi starfsmanns. Í því felst könnun á vinnuumhverfi, samskiptum, stjórnun, vinnuaðstöðu o.fl. Frumkvæðisathugun/áhættumat er framkvæmt sbr. verklag Kópavogsbæjar þar um. (fylgiskjal 3).

Ofangreint er ekki tæmandi upptalning á leiðum sem unnt er að fara til að leysa mál með óformlegum hætti. Leið sem valin er að fara skal ávallt vera í fullu samráði við starfsmann og í samræmi við eðli og alvarleika umkvartana.

Umkvörtunaraðili getur undir öllum kringumstæðum gert tilkynningu sína formlega síðar, kjósi hann svo.